



Fjármála-og efnahagsráðuneytið
Sent í samráðsgátt stjórnvalda

Efni: Umsögn um drög að stjórnarfrumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.) - Mál nr. 66/2022.

Verkalýðsfélag Akraness leggst alfarið gegn lögfestingu á lágmarksiðgjaldi úr 12% í 15,5% enda er það mat félagsins að það séu stéttarfélögin sem eigi að semja við sína viðsemjendur um iðgjöld í lífeyrissjóði sem og hvernig skiptingu umfram 12% lágmarksiðgjald skv. lögum skuli háttað.

VLFA leggst einnig alfarið gegn því að flækja enn frekar lífeyriskerfið með því að lögfesta svokallaða tilgreinda séreign. Það er mat félagsins að launafólk eigi að hafa frjálst val um ráðstöfun á iðgjöldum sem eru umfram 12% lágmarksiðgjaldið. Það er ástæðulaust að búa til enn eitt flækjustigið í lífeyriskerfinu og nægir að nefna í því samhengi að til er svokallaður frjáls viðbótarsparnaður sem flest launafólk þekkir mjög vel og því ástæðulaust að lögfesta nýtt form eins og tilgreinda séreign.

Að mati VLFA eru engin rök fyrir því að ákveða með lögum nýtt fyrirkomulag á lífeyrissparnaði. Nú þegar eru til staðar ýmsar leiðir til þess að ráðstafa lífeyrissparnaði og treysta þarf launafólki sjálfu fyrir því að ákveða hvernig það ráðstafar greiðslum til lífeyrissjóðs.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á að í dag stendur launafólki til boða að setja 3,5% af 15,5% iðgjaldi í lífeyrissjóð í svokallaða tilgreinda séreign, en þrátt fyrir þessa heimild eru einungis á bilinu 2% til 5% af launafólki sem er að nýta sér þá heimild.

Það er umhugsunarefni að um 95% af launafólki skuli setja allt sitt iðgjald í samtrygginguna en það er vegna þess að ef launafólk lætur ekki vita að það vilji setja 3,5% í séreign þá fer sá hluti sjálfkrafa í samtryggingarhlutann. Því til viðbótar liggur fyrir að tilgreind séreign er háð strangari reglum en frjáls viðbótarsparnaður. Við erum með samtryggingu, bundna séreign, frjálsan viðbótarsparnað og núna á að lögfesta tilgreinda séreign og þessi flækjustig leiða af sér að það er ekkert óeðlilegt að launafólk skilji hvorki upp né niður í þessu fyrirkomulagi.



Ef löggjafinn hefur í hyggju að lögfesta 15,5% iðgjaldið þá þarf að tryggja að launafólk fái heimild til að velja sér séreignaleið eins og t.d. frjálstan viðbótarsparnað. Einnig þarf að tryggja að 3,5% fari í séreign í upphafi og hinsvegar þurfi að tilkynna vinnuveitanda ef óskað er eftir að 3,5% fari í samtrygginguna. Í dag er þessu einmitt öfugt farið, þ.e.a.s ef launafólk tilkynnir ekki að 3,5% eigi að fara í séreign þá fer allt iðgjaldið í samtrygginguna og það hefur gert það að verkum að 95% af launafólki missir af séreignarleiðinni vegna þess að það hefur ekki þekkingu á þessum valmöguleika.

Verðbætur lífeyris

Lagt er til í frumvarpinu að lögfest verði sú breyting að lífeyrir skuli verðbættur aðeins einu sinni á ári, 1. janúar ár hvert, m.v. breytingu á vísitölu neysliverðs næstliðins árs í stað þess að taka mánaðarlega breytingum m.v. breytingu á vísitölu neysliverðs milli mánaða. Áhrif þessara breytinga verða þau að fylgni lífeyristekna við verðlagshækkanir minnkar og þar með kaupmáttur lífeyrisþega, einkum í vaxandi verðbólgu. VLFA er ekki hlynnt breytingum sem ganga á réttindi og kjör þeirra sem þurfa að byggja framfæri sitt og afkomu á lífeyri. Það er hinsvegar grátbroslegt að sjá löggjafann leggja þessa breytingu til á sama tíma og engar breytingar í sama anda liggja fyrir gagnvart fjárskuldbindingum heimilanna hvað varðar útreikning verðbóta á skuldum heimilanna.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Þirgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness